


Fyrir hverja

Ríkissafn stutt er fyrir þá sem vilja fjárfesta í ríkisskuldabréfum og hyggjast ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.



- Skuldaraáhætta (tapsáhætta)*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)*

* Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofndagur: 13.mars 2009
Fjöldi sjóðfélaga: 54
Heildarstærð m.kr: 327

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er 0,35% af meðaleignum.

Kennitölur

Meðaltími safns: 1,4 ár
Verðtryggingarhlutfall: 2,1%

Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlán, laust fé	20%	0%	70%
Ríkisskuldabréf	80%	30%	100%
Meðaltími	1 ár	1 ár	3 ár

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími 510-2500
Fax 510-2550
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem fjárfestir að mestu leyti í óverðtrygðum ríkisskuldabréfum, ríkisvixlum og ríkisbréfum. Safnið getur einnig fjárfest í innlánum banka. Áætlaður meðaltími bréfanna er um 1 – 3 ár.

Skuldaraáhætta í safninu er í lágmarki þar sem fjárfest er í skuldabréfum með ábyrgð íslenska ríkisins. Sveiflur í ávöxtun safnsins eru litlar.

Orðsending sjóðstjóra

Ríkissafn stutt hækkaði í apríl um 0,3% og hefur hækkað um 0,2% á árinu. Lágt vaxtaumhverfi og væntingar um verðbólgu höfðu hvað mest áhrif á þróun safnsins árið 2011.

Ávöxtunarkrafa á óverðtrygðum stuttum ríkisskuldabréfum hækkaði á árinu. Nafnvextir skuldabréfa í eigu safnsins skiluðu ávöxtun safnsins á árinu.

Vegna gjaldeyrishafta og skorts á innlendum fjárfestingakostum er líklegt að ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréfum verði áfram lág á komandi mánuðum og gæti lækkað. Vaxtastig, framboð fjárfestingakosta og verðbólguvæntingar munu hafa hvað mest áhrif á þróun safnsins á árinu 2012.

Eignasamsetning

Stærstu eignaflokkar	Eign
Óverðtrygð ríkisbréf	84,7%
Ríkisvixlar	0,2%
Önnur ríkisskuldabréf	2,6%
Innlán	12,4%
	100,0%


Ávöxtun, %

	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Sl. 3 mán.	-0,1%	-0,3%
Sl. 1 ár	2,8%	-3,4%
Frá áramótum	0,2%	-2,4%


Ávöxtun er á ársgrundvelli fyrir tímabil lengra en 1 ár

Verðbréfaflokkar

Flokkur	Vægi
Óverðtrygð ríkisbréf	84,7%
Ríkisvixlar	0,2%
Önnur bréf með ríkisábyrgð	2,6%
Innlán	12,4%
	100,0%



Gengisþróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Ríkissafn stutt er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki og verður sannanlega fyrir tekjumissi getur hann tekið inneign sína út.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

Um skuldara- og markaðsáhættu

Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefanda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefanda í söfnum.

Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðsluflæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.